

103

3. maí

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist: Þó er atvinnumálaráðherra heimilt að veita sérleyfishafa undanþágu, til ársloka 1936, frá þeim ákvæðum þessarar greinar, er lúta að hagnýtingu beina, kjöts og innyfla, enda getur ráðherra þá sett sérleyfishafa frekari skilyrði en greinir í lögum nr. 6 1896, til tryggingar gegn tjóni, er leiða kynni af undanþágu frá hagnýtingu hvalleifanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 3. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

104

3. maí

L Ö G

um framlenging á gildi laga nr. 90 10. júní 1933, um útflutning á kjöti.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Pétterski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, framlengist til 1. júlí 1936.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 3. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.